

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 237/2012 fyrir hundahald í Hveragerðisbæ.

1. gr.

1. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:

Þeir sem fá heimild til að halda hund, sbr. 2. gr. samþykktar nr. 555/2007 um hundahald í Hveragerði skulu greiða gjöld sem hér segir:

Skráningargjald kr. 18.710

Árgjald fyrir hundaleyfi kr. 18.110

Árgjaldið greiðist fyrirfram fyrir allt tímabilið með gjalddaga 15. febrúar og eindaga 15. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga. Veittur er 25% afsláttur ef eigandi hunds hefur farið á námskeið í hundahaldi og 25% afsláttur til elli- og örorku- lífeyrisþega.

2. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi er samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 8. desember 2016 með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald í Hveragerði nr. 555/2007.

Hveragerði, 8. desember 2016.

Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 19. janúar 2017